

Arnarlax hf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 5. nóvember 2020  
UST202009-251/H.S.J.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með fyrirvörum**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 8. apríl sl. þar sem Umhverfisstofnun féllst á úrbætur vegna frávíka er skráð voru í eftirliti stofnunarinnar hjá Arnarlaxi Gileyri dags. 22. maí 2019, en áætluð lok úrbóta samkvæmt áður samþykktri úrbótaáætlun rekstraraðila voru í ágúst 2020. Jafnframt vísar stofnunin í tölvupóst sinn frá 7. september sl. þar sem óskað var eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur vegna umræddra frávíka þar sem áætluð tímasetning framkvæmda skv. áður framlagðri áætlun rekstraraðila hafði ekki staðist. Uppfærð úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila þann 11. september sl. og niðurstöður mælinga í frárennsli frá því í júlí sl. bárust 23. september sl.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 2.6 og gr. 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það best í viðtaka og miða skal að lágmarki við eins þreps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennsli. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila átti að taka tank C1 (1000 m<sup>3</sup>) í notkun sem settjörn (e. settling tank) í viku 14 ásamt því að sett upp tromlusíu í kringum viku 20, áður en fóðrun hæfist. **Tromlusía hefur ekki verið sett upp. Skv. rekstraraðila hefur Covid19 sett strik í reikninginn. Tankur C1 hefur verið tekinn í notkun, en einungis frárennslið úr starteldi fer þar í gegn og annað frárennsli eldis fer óhreinsað út í sjó meðan unnið er að uppsetningu tromlusíunnar. Áætluð verklok uppsetningar tromlusíu eru nú í lok árs 2021.**
- 2. mgr. 9. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólþ.** Öllu skólþi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennsli er ekki veitt nógu langt út. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila stóð til að frárennsli yrði veitt 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð með 40 metra röri. Áætluð verklok voru 31. ágúst 2020. **Frárennsliör hafa enn ekki verið lögð út. Skv. rekstraraðila hefur Covid19 sett strik í reikninginn en áætluð verklok eru nú í lok árs 2021.**

Umhverfisstofnun fellst á uppfærða úrbótaáætlun rekstraraðila en óskar eftir því að upplýsingar um framvindu framkvæmda og nánari tímasetningar þeirra verði sendar eftirlitsaðila eigi síðar en 1. júní 2021. Jafnframt er gerð krafa um að allar fyrirhugaðar breytingar á áætlun þessari verði bornar undir sérfræðinga stofnunarinnar til samþykktar.

Gangi áætlun um úrbætur ekki eftir með þeim fyrirvörum sem stofnunin setur mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vestfjarða